

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 370. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 13. apríl 2023 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2022. Fyrri umræða. Endurskoðendur mæta á fundinn.
- 2) Björgunarsveitin Lífsbjörg mætir á fundinn. Umræða um styrki annars vegar og mögulegan samstarfssamning Lífsbjargar og Snæfellsbæjar hins vegar.
- 3) Fundargerð 98. fundar íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 15. mars 2023.
- 4) Fundargerð öldungaráðs, dags. 28. mars 2023.
- 5) Fundargerðir 5. og 6. fundar velferðarnefndar, dags. 17. janúar og 27. mars 2023.
- 6) Fundargerð 12. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 4. apríl 2023.
- 7) Fundargerð 13. fundar stjórnar FSS, dags. 27. mars 2023.
- 8) Fundargerðir Svæðisskipulagsnefndar sveitarfélaga á Snæfellsnesi, dags. 6. og 27. mars 2023.
- 9) Fundargerð 212. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 14. febrúar 2023.
- 10) Fundargerð aðalfundar Heilbrigðisefirlits Vesturlands, dags. 22. mars 2023.
- 11) Fundargerð 920. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. mars 2023.
- 12) Fundargerð 921. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. mars 2023
- 13) Tillaga frá öldungaráði, dags. 28. mars 2023, varðandi skóðanakönnun um búsetu eldri borgara.
- 14) Áskorun frá öldungaráði, dags. 28. mars 2023, varðandi heilsueflingu eldri borgara.
- 15) Bréf frá menningarnefnd, ódags., varðandi framtíðarsýn og hlutverk bókasafns Snæfellsbæjar.
- 16) Bréf frá íbúum í Engihlíð 18, dags. 15. mars 2023, varðandi viðhaldsmál.
- 17) Þakkarbréf frá Golfklúbbum Jökli, dags. 11. apríl 2023.
- 18) Minnispointar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 11. apríl 2023**  
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

Íþrótt- og æskulýðsnefnd

98. fundur – 15. mars 2023 kl 18:00 í Íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fundarmenn: Jóhanna Jóhannesdóttir

Tinna Ýr Gunnarsdóttir (fyrir Patryk Zolobow)

Margret Eva Einarsdóttir

Gylfi Freyr Karlsson

Marta Pétursdóttir (fyrir Margreti Vilhjálmsdóttur)

Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi)

1. Starfsmannamál í félagsmiðstöðinni.

Marela og Sigurborg eru núna starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar. Sigurborg var í forföllum en er núna alveg með Marelu. Félagsmiðstöðin lokar 5. maí.

2. Lyfta í sundlaug.

Félags- og skólaþjónustan voru með lyftu hjá sér sem þau voru ekki að nota. Hún verður notuð í sundlauginni til þess að hjálpa gestum með skerta hreyfigetu í laugina.

3. Sumarnámskeið.

Vinna er farin af stað við skipulagningu sumarnámskeiða fyrir börn. Eins og kom fram á fundi sem Jóhanna og Kristfríður sátu með Velferðarnefnd, þá er stefnt að því að hafa námskeiðin fjölbreyttari í ár og er Kristfríður komin í þá vinnu.

4. Heilsueflandi samfélag.

Búið er að mynda stýrihóp fyrir verkefnið og verður skrifað undir á næstu dögum.

5. Rennibraut í sundlaug.

Málið er í vinnslu en fer eftir veðurfari hvenær það er hægt að byrja.

6. Frisbígolfvöllur.

Kristfríður hefur verið að leita lausna til þess að klára völinn. Hann er ókláraður og það er ekki hægt að ganga frá verkinu svona. Það vantar teiga svo að iðkendur viti hvernig brautin liggur. Kristfríður heldur áfram með þetta mál.

Önnur mál:

- Rafíþróttirnar eru að byrja á fullu. Búnaðurinn kemur í þessari viku.

Fundi slitið 19:00

## Öldungaráð Snæfellsbæjar

### Fundargerð 14. fundar sem haldin var í Ráðhúsi Snæfellsbæjar þriðjudaginn 28. mars kl 14,00

Mættir voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Ragnheiður Víglundsdóttir, Margrét Vigfúsdóttir, Svanhildur Pálsdóttir og Pétur Steinar Jóhannsson sem ritaði fundargerð.

#### Mál 1:

Búsetumál eldri borgara í Snæfellsbæ. Ólafur ræddi þá hugmynd að senda áskorun á bæjarstjórn Snæfellsbæjar um að hún kannaði hug bæjarbúa 60 ára og eldri um smíði íbúða. Spurt yrði um hvernig húsnæði myndi falla best að þörfum hvers og eins þá með tilliti til staðsetningar stærðar og fl. Ræddu fundarmenn vel um þetta málefni. Ólafur ætlar að taka að sér að gera tillögur sem lagðar fyrir Öldungaráðið á næsta fundi. Þá var bent á kosti þess að byggja fjölbýli við Kirkjutún þar sem Átthagastofan er nú staðsett.

Mál 2: Umræður um líkamsrækt eldri borgara í Snæfellsbæ. First var rætt um heilsueflingu sem er í höndum Janusar Guðlaugssonar en þar er lögð áhersla á eftirfylgni, mælingar og fl. Einnig töluðu fundarmenn um nauðsyn þess að efla líkama og sál. Rætt var um líkamsræktarstöðina sem er í Rífi sem Kristfríður Rós Stefánsdóttir rekur en þar fer fram góð kennsla og leiðsögn um líkamsrækt.

Mál 4: Í framhaldi af máli no 2 var rætt um að koma á gönguhópum í bæjarfélaginu eins og víða er. Einnig var rætt um „Heilsueflandi samfélag“ sem Embætti landlæknis og bæjarstjóri SNB undirrituðu fyrir skömmu en það á að stuðla að heilbrygðum lífsháttum, heilsu og vellíðan. Hugmynd kom um að fá formann stýrihópsins til að ræða við eldri borgara og hvar þeir kæmu inn í þennan hóp og fleira var rætt þessu þenkjandi.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl 15,00

Pétur Steinar Jóhannsson

Velferðarnefnd

5.fundur

17.janúar.2023

**Mættir eru:** Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Stefán Smári Kristófersson, Viktoría Sif Viðarsdóttir og Kristgeir Kristinsson.

**Fundur settur klukkan 20:00**

**Farið yfir fundargerð síðasta fundar**

**Brunavarnir**

Rætt um fræðslu varðandi brunavarnir fyrir eldri borgara.

**Aðgengismál**

Ræddar breytingar á aðgengi í sundlaug og stöðu þeirra breytinga.

**Málþing varðandi lífsgæði fatlaðra í Snæfellsbæ**

**Forvarnaráætlun**

Kristgeir ætlar að ræða við skólastjóra Grunnskóla Snæfellsbæjar varðandi núverandi forvarnaráætlanir og aðgerðir í forvarnarmálum. Viktoría mun kanna hvaða fræðsluefni sé til á vegum heilsugæslunnar.

**Farið yfir reglur Snæfellsbæjar um úthlutun á leiguíbúðum**

Lesið yfir tillögu að breytingum á reglum Snæfellsbæjar um úthlutun á leiguíbúðum. Hallveig tekur saman tillögur og athugasemdir sem komu upp á fundinum.

**Fundi slitið klukkan 21:30**

Velferðarnefnd

6.fundur

27.mars.2023

**Mættir eru:** Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Stefán Smári Kristófersson, Viktoría Sif Viðarsdóttir og Kristgeir Kristinsson.

**Fundur settur klukkan 20:00**

**Farið yfir fundargerð síðasta fundar**

**Forvarnarmál**

Kristgeir ræddi við skólastjóra og fulltrúa fyrir félags- og skólaþjónustu varðandi forvarnarmál Snæfellsbæjar. Viðraðar hugmyndir um sameiginlegt teymi fyrir Snæfellsnes sem stýrir og fylgir eftir forvarnarmálum. Næstu skref að boða til fundar þá aðila sem koma að efninu.

**Sumarnámskeið**

Staðfest á fundi við íþróttá- og æskulýðsfulltrúa að aukinn fjöldi námskeiða verði haldið næstkomandi sumar.

**Heilsueflandi samfélag**

Velferðarnefnd þykir það miður að hafa ekkert heyrt af áformum bæjarstjórnar um að gerast heilsueflandi samfélag. Eins hefði velferðarnefnd fagnað því að fá fræðslufni til kynningar á efninu og hvað felst í heilsueflandi samfélagi.

Farið yfir helstu þætti heilsueflandi samfélags.

**Reglur Snæfellsbæjar um úthlutun á leiguíbúðum**

Engar athugasemdir hafa borist frá bæjarskrifstofu varðandi reglur á úthlutun leiguíbúða í Snæfellsbæ.

**Akstursþjónusta**

Engar fréttir af framgangi mála frá félags og skólaþjónustu um akstursþjónustu fatlaðra í Snæfellsbæ.

**Félagsstarf eldri borgara**

**Fundi slitið klukkan 21:15**

**12. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 4. apríl 2023 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.**

Mætt: Kristinn Jónasson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Ævar Sveinsson, Baldvin Leifur Ívarsson, Björn Arnaldsson og Ragnar Mar Ragnarsson. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

Af gefnu tilefni þykir ástæða til að taka það fram að með því að undirrita fundargerðir nefnda, bæði þessarar nefndar sem og annarra, þá eru nefndarmenn að staðfesta að þeir hafi verið á umræddum fundi og að rétt sé bókað í fundargerðinni. Nefndir hafa ekki heimildir til að ákveða fjárútlát, og þó að umræða fari fram um ýmis fjárfrek verkefni, þá er ekki sjálfkrafa farið í þau ef þau rúmast ekki innan fjárheimilda. Það er alltaf bæjarstjórnar að ákveða hvort farið verður í framkvæmdir sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun, og forstöðumanns hverrar stofnuna að fara fram á það við bæjarstjórn að þörf sé á aukafjárveitingu fyrir verkið.

- 1) Björn fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:
  - a) Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Verið er að undirbúa vinnu við nýja heimtaug, vatns og rafmagnsbúnað inni í nýju masturshúsi.
  - b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram, verið er að vinna við breytingar innan húss og undirbúa viðbyggingu og framkvæmdir utan húss.
  - c) Vinna við dýpkunarframkvæmdir í innsiglingunni til Rifshafnar er stopp eins og áður hefur komið fram.
  - d) Búið er að hanna og teikna stækkun og hækkun á trébryggju við gafl stálþils við Norðurtanga í Ólafsvík. Verið er að rýna teikningar, verklýsingu og útboðsgögn og verður verkið boðið út um n.k. mánaðarmót.
  - e) Lokafrágangur á götulýsingu er eftir á gatnamótum Norðurtanga og Snoppuvegar í Ólafsvík.
  - f) Vegagerðin hefur lagt fram tillögu að endurbótum á sjóvörn við Marbakka í Staðarsveit og er rætt við húseigendur um málið. Málið er í bið.
  - g) Vegagerðin hefur samið við Flakkarann ehf. á Brjánslæk vegna framkvæmda við 3 sjóvarnaverkefni í Snæfellsbæ þ.e. við Ólafsbraut og Ennisbraut í Ólafsvík og á Hellnum. Verktakinn gerir ráð fyrir að koma til Ólafsvíkur með tæki og búnað í viku 16.
  - h) RARÍK er að tengja og ganga frá og nýrri heimtaug í nýtt masturshús við Norðurgarð í Ólafsvík.
  - i) Keyptar voru fuglafælur fyrir hafnimar í Ólafsvík og Rifi og lofa þær góðu þær sem þær voru prófaðar.
- 2) Ævar fór yfir framkvæmdir:
  - a) Ólafsbraut 23. Framkvæmdir halda áfram þar og gengur ágætlega. Gólfíð búið og verið er að gífsklæða veggina. Það má segja að útiklæðningin sé langt komin.
  - b) Holufyllt í götum bæjarins, enda hafa þær komið frekar illa undan vetri.
  - c) Skipt um 12 kúpla í ljósastaurum. Þörf er að skipta út fleirum og eru fleiri kúplar í þöntun.
  - d) Farið með auka einangrun af nýju húsunum í geymslu.
  - e) Lesið af vatnsmælum hjá fyrirtækjum.
  - f) Sniðnar festingar á sökkla á Ólafsbraut 23.
  - g) Búið er að tína rusl í þéttbýlinu, eins var farið suður í Staðarsveit, út Breiðuvík og Arnarstapa og tint rúlluplast af girðingum.
- 3) Leifur fór yfir framkvæmdir
  - a. Lokið viðgerð á íbúð 8 Gufuskálum.
  - b. Lokið við breytingar á Kriubóli. Verið var að flytja salinn úr nýrri byggingunni í gömlu bygginguna. Þar var viðgerðarvinna, spörsun og málun, og flutningur á húsmunum og húsgögnum.
  - c. Sett upp skiptiborð á Krílakoti með tilheyrandi breytingum á aðstöðunni.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'MPS', 'Vagn', and several other illegible signatures.

- d. Verið að vinna að ýmsu á Jaðri, gardínubrautir, innréttingar og ýmislegt annað.
  - e. Ýmsum öðrum málum sinnt.
  - f. Það þarf að fara að fara yfir allar eignir og huga að því hvað þarf að gera, ásamt því að gera áætlun um það hvað á að gera og hvenær.
  - g. Á Lýsuhóli var farið í viðgerðir á þakinu á millibyggingunni.
  - h. Búið er að ljúka við litlu þökin á Gufuskálum og stendur til að fara í hin fljótlega.
- 4) Vagn fór yfir framkvæmir í skólamannvirkjum:
- a) Varðandi gólfdukinn í eldhúsinu í skólanum í Ólafsvík þá setti Vagn sig strax í samband við dúkara til að fara í viðgerðirnar. Hann er bundinn í verki sem stendur, en mun reyna að fara í þetta verkefni eins fljótt og mögulegt er. Skólinn er tilbúinn að fara í þetta um leið og færi gefst og starfsfólk tilbúið í tilfæringar eftir þörfum. Maður frá Fastus kom og skoðaði eldhúsið og er komin frumteikning af skipulagi eldhússins.
  - b) Í gamla skólanum í Ólafsvík er verið að taka til í tölvuherberginu. Þar er sparsl- og málningarvinna í gangi.
  - c) Þarf að fara í að laga þakkantinn á kálfinum í Ólafsvík, það fuku af honum fjalir í vetur.
  - d) Jónas Kristófersson er búinn að vera að vinna í að setja kerfisloft í litlu herbergi í skólanum í Ólafsvík sem hugsað er sem kennslustofa og mun Sigurjón koma í rafmagnið þegar það er búið. Jónas kemur svo í framhaldinu að setja áfellur á þakið á anddyrinu í Ólafsvík.
  - e) Verið var að setja um 40 metra af myndarekkum í skólanum í Ólafsvík undir bekkjarmyndir.
  - f) Verið er að skipta um alla sýlindra í skólahúsnæði í Ólafsvík og á Hellissandi.
  - g) Það þarf að mæla hversu mikið þarf af gúmmihellum á leiksvæðið við skólahúsnæðin í Ólafsvík og á Hellissandi.
  - h) Búinn að ræða við Eirík og hann mun halda áfram með múrin á grunnskólanum á Hellissandi um leið og veður leyfir.
- 5) Matthías fór yfir framkvæmdir í íþróttamannvirkjum:
- a) Búinn að vera að fara yfir slökkvitæki og brunaviðvörðunarkerfi í íþróttamannvirkjum.
  - b) Búið að setja upp glerhurð í sundlauginni í Ólafsvík.
  - c) Settir upp skápar í búningsklefum í sundlauginni í Ólafsvík. Búið að setja upp bæði í kvenna- og karlklefunum.
  - d) Sett upp tímaklukka í sundlauginni í Ólafsvík fyrir sundkennslu.
  - e) Ein heitgasdæla bilaði í mánuðinum og þarf að endurnýja hana. Þessar dælar fara mjög reglulega og spurning hvort ekki þarf að endurskoða þær og finna aðra lausn.
  - f) Smíðuð grind fyrir vatnskör í sundlaugarkjallarann og verið er að panta körin, en þau verða forðabúr fyrir nýju vatnsrennibrautina sem kemur upp í sumar. Það þarf líka að huga að upphitun á vatninu í körunum.
  - g) Gengið frá öllum tölvum og snúrum á Jaðri, lagað til í tölvudótinu og lagfæringar.
  - h) Búið að uppfæra alla síma í grunnskólanum í Ólafsvík, en þar hefur símkerfið verið til vandræða.
  - i) Hefur verið með Origo að vinna við persónuverndarlausnir og skýjalausnir í grunnskólanum.
  - j) Hefur verið við GPS mælingar með tæknideildinni, á Arnarstapa, Hellissandi og í Ólafsvík.
  - k) Slökkvibíllinn fór yfirhalningu, m.a. viðgerð á dælu, til Reykjavíkur. Slökkviliðið í Reykjavík tók bílinn út að lokinni viðgerð.
- 6) Ragnar fór yfir ýmsar framkvæmdir:
- a) Búið er að taka í notkun rafræna þjónustugátt fyrir tæknideildina og eru það fyrstu skrefin í að rafvæða allar umsóknir fyrir bæinn. Fyrstu byggingaleyfisumsóknirnar eru farnar að skila sér í gegnum íbúagáttina og lofar þetta ferli mjög góðu þar sem að allt utanumhald mála verður skilvirkara og þjónusta við íbúa og framkvæmdaraðila betri.

TKK  
 Zolo  
 MPG  
 laq  
 Jón  
 H



- b) Búið er að teikna tillögu að nýju útliti grunnskólans á Hellissandi þar sem gert er ráð fyrir valmaþaki. Óskað hefur verið eftir tilboði í burðarþolsteikningar og ætti það að liggja fyrir öðru hvoru megin við páska. Í framhaldi verður metið útfrá kostnaði og útliti hvort endurnýja eigi þakið í núverandi mynd eða breyta útlit þess með valmaþaki. Þaðan verða tillögurnar lagðar fyrir bæjarstjórn til frekari umfjöllunar.
  - c) Flekahurð í grunnskólann í Ólafsvík kemur til landsins 9 apríl. Það mun fylgja því töluverð vinna við að skipta hurðinni út. Fjarlægja þarf hluta af kerfislofti kennslustofanna til að komast að bitanum sem hurðin verður hengd í. Áætlaður tími við að skipta um hurðina eru tvær vikur. Þar sem að töluverð óvissa er um tímaáætlunin m.a vegna þess hversu mikið af kerfisloftinu þarf að taka niður, er skynsamlegt að biða með að ráðast í framkvæmdina þar til að skóla lýkur í vor.
  - d) Fundað verður með byggingarverktaka á morgun vegna þeirra verkefna sem stendur til að fara í nú í sumar. Eru það m.a gluggaskipti í nokkrum stofnunum bæjarins og endurbætur á þaki grunnskólans á Hellissandi, þaki á vestari blokkinni á Gufuskálum og þaki ráðhússins.
  - e) Smíði glugga í vestasta húsið á Gufuskálum gengur vel. Stefnt er að því að byrja á því að skipta um glugga á göflunum hússins þar sem að þeir eru í slæmu ásigkomulagi. Í framhaldi verður skipt um glugga á langhliðunum.
  - f) Undanfarna mánuði hefur verið í gangi verkefni á vegum Svæðisgarðsins sem kallast Fyrirmyndarstígar á Snæfellsnesi. Verkefninu hefur verið stýrt af forstöðumönnum Svæðisgarðsins, tæknideildar Snæfellsbæjar, tæknideildar sveitafélagsins Stykkishólms og aðilum frá Eflu verkfræðistofu. Verkinu miðar vel og er endanleg útgáfa hönnunarhandbókar og vefsíja verkefnisins í yfirferð hjá hópnun. Stefnt er að því að klára verkefnið í lok apríl.
  - g) Unnið er að samræmingu landamerkja innan sveitarfélagsins. Í Snæfellsbæ, eins og hjá öðrum sveitarfélögum landsins, koma upp mál þar sem að landamerki einstakra jarða eða lóða skarast og er nauðsynlegt að leiðrétta hana. Um er að ræða allt frá minniháttar skörun landamerkja upp í nokkra hektara. Kemur þetta til m.a vegna ónákvæmra gagna/uppdráttu sem unnir voru á árum áður. Þessi vinna er í gangi þessar vikurnar og er unnin í samráði við landeigendur og landupplýsingadeild HMS.
  - h) Töluvert er sótt um byggingarheimildir- og leyfi. Verkefni eru allt frá minni háttar verkefnum uppi hótél á Amarstapa.
  - i) Auglýst hefur verið eftir umsóknum í sumarstörf í vinnuskólanum og er opið fyrir umsóknir til 28. apríl.
  - j) Auk þeirra verkefna sem talin eru upp hér að ofan eru dagleg verkefni hjá tæknideildinni að þjónusta íbúa Snæfellsbæjar, frágangur nýrra lóðarleigusamninga, yfirferð teikninga, skipulagsmál og verkefni tengd verklegum framkvæmdum bæjarins, svo eitthvað sé nefnt.
- 7) Kristinn fór yfir nokkra punkta:
- a) Verið er að undirbúa sumarið varðandi malbiksframkvæmdir. Gert er ráð fyrir að malbiks-flokkurinn komi í kringum 20. júlí.
  - b) Verið er að vinna að innleiðingu á nýja sorptunnukerfinu.
- 8) Framkvæmdateymið óskar Matthíasi til hamingju með afmælið í dag og Vagni til hamingju með nýja barnabarnið. Bókað með þeirra leyfi.
- 9) Næsti fundur verður þriðjudaginn 2. maí kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30


  
 Kristinn Gunnarsson
   
 Þórunn Arnarsson
   
 Matthias Páll Gunnarsson
   
 Erna Sveins
   
 Vagn Ingólfsson
   
 Þorvaldur L. Jónsson

---

130. fundur stjórnar FSS

**Fundarstaður:** Teams  
**Dagsetning:** 27. 03. 2023  
**Fundartími:** Kl. 10.00  
**Mættir:** Stjórn FSS, Kristinn Jónasson, formaður, Björg Ágústsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS og Lilja Ólafardóttir, bæjarritari og umsjónaraðili bókhalds og fjárreiða FSS..

- 
1. Kristinn Jónasson, formaður stjórnar setur fund og stýrir
  2. **Ársreikningur FSS rekstursárið 2022**  
Forstöðumaður lagði fram ársreikning Deloitte endurskoðenda Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs. fyrir rekstursárið. Lilja Ólafardóttir, umsjónaraðili bókhalds og fjárreiða FSS, gerði frekari grein fyrir ársreikningnum.  
Stjórn FSS samþykkir samhljóða framlagðan ársreikning FSS fyrir rekstursárið 2022 og vísar honum til aðalfundar 2023 sem fram fer þann 2. maí n.k.
  3. **Endurnýjun prókúru forstöðumanns og umsjónaraðila fjárreiða og bókhalds FSS**  
Stjórn FSS staðfestir með undirritun sinni endurnýjað umboð til prókúru forstöðumanns og umsjónaraðila bókhalds og fjárreiða Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs.  
Lilja vikur nú af fundi.
  4. **Aðalfundur rekstursársins 2022**  
Forstöðumanni falið að boða aðalfund ásamt dagskrá og ársreikningi vegna rekstursársins 2022, þriðjudaginn 2. maí, kl. 15.00 í fundarsal Ráðhúss Snæfellsbæjar
  5. **Önnur mál**
    - a) Samþykkt samhljóða boð FSS um kynningar Ingveldar Eyþórsdóttur, yfirfélagsráðgjafa FSS og Sigrúnar Ólafsdóttur, verkefnissjóra FSS á innleiðingu og markmiðum laga um farsæld barna á grundvelli samþættrar þjónustu aðila er koma að málefnum barna, ennfremur kynning stefnumótunaráfanga starfshóps Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um samþætta þjónustu við eldri íbúa sveitarfélaganna. Eru þær boðnar velkomnar á fundi hvernar sveitarstjórnar fyrir sig.
    - b) Með vísan til umræðu um nýjar áherslur skólaþjónustu er samþykkt að FSS efni til samtalsvettvangs sveitarstjórna, grunn- og leikskóla um endurskoðun skólaþjónustu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson

## Svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaga á Snæfellsnesi

Fundur þann 6. mars 2023 kl. 17:15 – 19:30, í Ráðhúsi Grundarfjarðar

### Nefndarmenn:

Davíð Magnússon (DM), aðalfulltrúi Grundarfjarðarbæjar  
Signý Gunnarsdóttir (SG), aðalfulltrúi Grundarfjarðarbæjar  
Hilmar Hallvarðsson (HH), aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Stykkishólms  
Ragnar Már Ragnarsson (RMR), aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Stykkishólms  
Próstur Aðalbjarnarson (PA), aðalfulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps  
Björn H. Hilmarsson (BHH), varafultrúi Snæfellsbæjar  
Margrét Sif Sævarsdóttir (MSS), varafultrúi Snæfellsbæjar

### Aðrir:

Björg Ágústsdóttir (BÁ), bærarstjóri Grundarfjarðarbæjar í fjarfundi  
Kristín Þorleifsdóttir (KP), sviðstjóri umhverfis- og skipulagssviðs og skipulagsfulltrúi  
Sveitarfélagsins Stykkishólms, Grundarfjarðarbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps  
Hildigunnur Haraldsdóttir (HgH), skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar í fjarfundi  
Vignir Smári Mariásson (VSM), fráfarandi formaður svæðisskipulagsnefndar  
Hrafnkell Á. Proppé (HÁP), tímabundinn starfsmaður svæðisskipulagsnefndar

Fundargerð ritaði Hrafnkell Á. Proppé.

### Dagskrá:

Fundur settur og gegnið til dagkrár. VSM sat fundinn undir lið 1 og 2, HgH sat fundinn undir lið 4.

#### 1. Kosning formanns og varaformanns svæðisskipulagsnefndar

Samkvæmt 3. gr. starfsreglna svæðisskipulagsnefndar kýs nefndin sér formann og varaformann. VSM greindi frá störfum formanns svæðisskipulagsnefndar á síðasta kjörtímabili.

*Samþykkt var að fresta kosningu formanns og varaformanns til næsta fundar.*

#### 2. Yfirferð á störfum svæðisskipulagsnefndar á síðasta kjörtímabili

VSM greindi frá störfum svæðisskipulagsnefndar á síðasta kjörtímabili. Fundir nefndarinnar voru mikið til fjarfundir, en hluti starfsins fór einnig fram í gegnum tölvupóstssamskipti. Nefndin leitaði eftir faglegum stuðnings í þeim tilvikum sem þörf var á aðstoð við túlkun á stefnu svæðisskipulagsins og frágagn einstakra mála.

Þar sem ekki hefur fram að þessu verið þörf á endurskoðun á svæðisskipulaginu var helsta starf nefndarinnar að veita umsagnir við skipulagsverkefni einstakra sveitarfélaga. Verklagið var þannig að formaður móttók erindi frá sveitarfélögum um umsagnir, vann drög að umsögn fyrir nefndina og nefndarmenn fóru síðan yfir og bættu, eftir atvikum. Á síðasta kjörtímabili lauk endurskoðun á aðalskipulagsáætlun Grundarfjarðarbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps. Nú er

unnið að gerð aðalskipulags Sveitarfélagsins Stykkishólms. Að þeirri endurskoðun lokinni mun stefna svæðisskipulags Snæfellsness 2014-2026 verða innleidd í aðalskipulög allra sveitarfélaga.

Í umræðum um störf nýrrar svæðisskipulagsnefndar kom fram að nefndin þurfi að taka afstöðu til þess hvort endurskoða beri svæðisskipulagið, þ.e. hefja þá vinnu á þessu kjörtímabili. Einnig þarf að meta hvort gera þurfi breytingar á starfsreglum nefndarinnar en núverandi starfsreglur miða fyrst og fremst að því að móta nýtt svæðisskipulag og breyta því, en ekki framfylgd þess.

*Svæðisskipulagsnefnd þakkar Vigni fyrir greinagóðar upplýsingar og veitta innsýn í störf svæðisskipulagsnefndar á síðast kjörtímabili.*

### **3. Tillaga að deiliskipulagi í landi Skerðingsstaða**

Grundarfjarðarbær óskar eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar við tillögu að deiliskipulagi fyrir allt að 100 herbergja hóteli í landi Skerðingsstaða. BÁ og Kþ gerðu grein fyrir stöðu málsins. Skipulagstillagan var kynnt frá 20. júlí til og með 15. september 2022. Grundarfjarðarbær vinnur nú úr innkomnum umsögnum og athugasemdum.

Svæðisskipulagsnefnd veitti umsögn við lýsingu deiliskipulagsins í júlí 2018. Á þeim tíma var í gildi aðalskipulag Grundarfjarðar 2003-2015 sem samþykkt var áður en svæðisskipulag Snæfellsnes 2014-2026 tók gildi. Þágildandi aðalskipulag gerði ekki ráð fyrir hótelluppbyggingu í landi Skerðingsstaða. Óskað var því eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar um hvort slík áform væru í samræmi við svæðisskipulag. Í umsögn svæðisskipulagsnefndar kom fram að hótelluppbygging á þessu svæði væri ekki í ósamræmi við svæðisskipulag en jafnframt voru settar fram ábendingar um hvaða leiðsögn væri að finna í svæðisskipulaginu með útfærslu í deiliskipulagi.

Frá því að umsögn svæðisskipulagsnefndar var veitt 2018 hefur aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar verið endurskoðað. Í þeirri endurskoðun var stefna svæðisskipulags Snæfellsness 2014-2026 innleidd í aðalskipulagið. Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar 2019-2033 gerir ráð fyrir hótelluppbyggingu í landi Skerðingsstaða og kalla þau áform sem kynnt eru í deiliskipulagstillögunni ekki á breytingar á aðalskipulagi.

*Að mati svæðisskipulagsnefndar kallar tillaga að deiliskipulagi í landi Skerðingsstaða ekki á sérstaka umsögn svæðisskipulagsnefndar nú. Stefna svæðisskipulags Snæfellsness 2014-2026 hefur verið innleidd í aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar 2019-2033 og deiliskipulagstillagan felur ekki í sér breytingar á aðalskipulagi.*

### **4. Breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2023 vegna Krossavíkurbáða á Hellissandi**

Snæfellsbær óskar eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar við tillögu að breytingum á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031.

HgH greindi frá tillögunni en bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti að gera breytingar á aðalskipulagi samhliða gerð deiliskipulags vegna áforma um uppbyggingu sjóbaða í Krossvík. Breytingin felur í sér að gert verði ráð fyrir landnotkun fyrir afþreyingar- og ferðamannaíðnað við Krossavík þar sem nú er skilgreint óbyggt svæði. Einnig felst í breytingunni að mörk þjóðgarðsins eru uppfærð á aðalskipulagsupprætti. Kynningartími skipulagstillagnanna er til og með 15. mars 2023.

*Samþykkt að fresta gerð umsagnar um aðalskipulagsbreytingu vegna Krossavíkurbáða til næsta fundar.*

## 5. Kynning á stöðu skipulagsverkefna

KÞ greindi frá stöðu nokkurra skipulagsverkefna þar sem óskað verður eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Grundarfjarðarbær er að vinna að breytingum á þéttbýlishluta aðalskipulags vegna hafnarsvæðis og Framness. Breytingarnar eru unnar samhliða gerð deiliskipulags og var skipulagslýsing kynnt í desember 2022. Óskað verður eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar við vinnslutillögu.

Sveitarfélagið Stykkishólmur vinnur að breytingum á þéttbýlishluta aðalskipulags vegna hafnarsvæðis við Skipavík. Breytingarnar eru unnar samhliða gerð deiliskipulags og var skipulagslýsing kynnt í desember 2022. Óskað verður eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar við vinnslutillögu.

## 6. Önnur mál

Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar sveitarfélaganna á Snæfellsnesi verður haldinn mánudaginn 20. mars í fjarfundi. HÁP er tímabundinn starfsmaður nefndarinnar meðan nefndin veitir umbeðnar umsagnir um Skerðingsstaði og Krossavík.

Nefndin felur Hrafnkatli að boða næsta fund ásamt því að ganga frá fundargerð. Rafræns samþykkis við fundargerð verður aflað frá fundarmönnum.

Fundi slitið 19:30.

## Svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaga á Snæfellsnesi

Fjarfundur þann 27. mars 2023 kl. 17:00 – 18:00

### Nefndarmenn:

Davíð Magnússon (DM), aðalfulltrúi Grundarfjarðarbæjar  
Signý Gunnarsdóttir (SG), aðalfulltrúi Grundarfjarðarbæjar  
Hilmar Hallvarðsson (HH), aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Stykkishólms  
Ragnar Már Ragnarsson (RMR), aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Stykkishólms  
Pröstur Aðalbjarnarson (PA), aðalfulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps  
Jón Bjarki Jónatansson (JBJ), aðalfulltrúi Snæfellsbæjar  
Michael Guszuk (MG), aðalfulltrúi Snæfellsbæjar

### Aðrir:

Björg Ágústsdóttir (BÁ), bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar sat fundinn undir dagskrár lið 1  
Hrafnkell Á. Proppé (HÁP), tímabundinn starfsmaður svæðisskipulagsnefndar

Fundargerð ritaði Hrafnkell Á. Proppé.

### Dagskrá:

Fundur settur og gegnið til dagskrár.

#### 1. Kosning formanns og varaformanns svæðisskipulagsnefndar

Samkvæmt 3. gr. starfsreglna svæðisskipulagsnefndar kýs nefndin sér formann og varaformann.

*Ragnar Már Ragnarsson er kjörinn formaður og Signý Gunnarsdóttir varaformaður.*

#### 2. Breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2023 vegna Krossavíkurbæða á Hellissandi

Snæfellsbær óskar eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar við tillögu að breytingum á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031.

Breytingin er gerð vegna áforma um uppbyggingu Krossavíkurbæða og felur í sér að gert verði ráð fyrir landnotkun fyrir afþreyingar- og ferðamannaiðnað við Krossavík, þar sem nú er skilgreint óbyggt svæði. Einnig felst í breytingunni að mörk þjóðgarðsins eru uppfærð á aðalskipulagsupprætti.

Umsögn svæðisskipulagsnefndar:

Að mati svæðisskipulagsnefndar eru fyrirhugaðar breytingar í góðu samræmi við svæðisskipulag Snæfellsnes 2014-2026. Framtíðarsýn svæðisskipulagsins gerir ráð fyrir að styrkja Snæfellsness sem áfangastað og nýta til þess sérkenni svæðisins og staðaranda til að efla atvinnulífið og samfélagið allt. Svæðisskipulagsnefnd telur að uppbygging Krossavíkurbæða falli vel að þemanu Ferðalag, en meginmarkmið þess er að „*Ferðalangar á Snæfellsnesi finni fyrir sterkum anda svæðisins, njóti góðrar þjónustu, spennandi upplifunar og áhugaverðrar afþreyingar á*

*fjölbreyttum ferðaleiðum og áfangastöðum sem dreifast um allt svæðið. Snæfellsnes styrkist sem einn af megináfangastöðum ferðamanna á Íslandi“.*

Jafnframt telur svæðisskipulagsnefnd að við gerð tillögu að breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar vegna Krossvíkurbaða hafi einnig verið horft til meginmarkmiða svæðisskipulagsþemanna, Lífsgæði og Landslag. Að mati svæðisskipulagsnefndar er mikilvægt að við endanlega útfærslu verkefnisins verði þess gætt að fólk sem vill sækja í útivist og náttúruupplifun við Krossavík hafi áfram tækifæri til þess líkt og tillaga að aðal- og deiliskipulagi Krossavíkurbaða gera nú ráð fyrir.

### **3. Önnur mál**

Nefndin felur Hrafnkatli að ganga frá fundargerð. Rafræns samþykkis við fundargerð verður aflað frá fundarmönnum.

Fundi slitið 18:00.

## **212. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 14. febrúar 2023, á Teams**

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Arnar Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Valdís Einarsdóttir, Sigurður Halldór Árnason og Magnús A. Sigurðsson

**Forföll:** Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður

*Fundarritari:* Jakob Stakowski

Formaður setti fund kl. 10.00

### **1. Fastanefnd Bernarsamningsins – Recommendation/tilmæli no. 218**

Steinar Kaldal, sérfræðingur frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, mætti á fund Breiðafjarðarnefndar til að kynna og ræða tilmæli fastanefndar Bernarsamningsins.

#### **Afgreiðsla:**

Steinar Kaldal mætti á Teams fund Breiðafjarðarnefndar. Hann kynnti fyrir nefndinni forsögu máls og kæru vegna framkvæmda við Vestfjarðaveg nr. 60 um Gufudalssveit. Í kjölfarið var rætt um tillögur fastanefndar Bernarsamningsins. Tilmæli snúa að náttúru Breiðafjarðarsvæðisins og undirstrika mikilvægi verndunar og vöktunar náttúrulegra þátta þess. Í kjölfar kynningar ræddi Steinar við nefndina um álit umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis varðandi tilmæli fastanefndarinnar.

### **2. Fundargerð 211. fundar Breiðafjarðarnefndar**

Fundargerð 211. fundar nefndarinnar frá 17. janúar 2023.

#### **Afgreiðsla:**

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

### **3. Umsögn vegna skipulagslýsingar hafnarsvæðis við Skipavík í Stykkishólmi**

Breiðafjarðarnefnd sendi umsögn vegna skipulagslýsingar hafnarsvæðis við Skipavík í Stykkishólmi þann 17. janúar 2023. Umsögnin er aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar <http://www.breidafjordur.is/breidafjardarnefnd/umsagnir/>

Í kjölfar umsagnar fékk Breiðafjarðarnefnd beiðni frá sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsmála hjá Sveitarfélaginu Stykkishólmi um nánari skýringar vegna sjávarfitja við Búðarnes.

#### **Afgreiðsla:**

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar sendi svar með skýringum til sveitarfélagsins eftir samráð við formann. Svarið lagt fram til kynningar.



#### **4. Greinargerð um vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar 2022**

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar hefur unnið greinargerð með lýsingu á vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar árið 2022, sem send var til nefndarfólks fyrir fundinn.

##### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd fór yfir greinargerðina á fundinum og ræddi breytingar sem starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun gera. Skýrslan verður lögð fyrir nefndina til afgreiðslu á næsta fundi.

#### **5. Rannsóknir á verndarsvæðinu sem Breiðafjarðarnefnd styrkir 2022 og 2023**

Breiðafjarðarnefnd hefur samið við Náttúrufræðistofnun Íslands um framhald á örnefnaverkefni sem stofnunin hefur unnið fyrir Breiðafjarðarnefnd síðustu ár.

Breiðafjarðarnefnd hefur samið við Náttúrustofu Vestfjarða um framkvæmd gróðurannsóknar á eyjum á norðanverðum Breiðafirði. Rannsóknin er sambærileg við eldri rannsókn sem framkvæmd var á eyjum á sunnanverðum firðinum og nefndin styrkti árið 2018. Rannsóknin frá 2018 er aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar: <http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2022/04/Vegetation-mapping-of-islands-in-Breidafjordur-West-Iceland-2018-2.pdf>.

##### **Afgreiðsla:**

Samstarfssamningar Breiðafjarðarnefndar við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða lagðir fram til kynningar og þeir samþykktir.

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun útbúa fréttatilkynningar um rannsóknasamstarfið og setur þær á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

#### **6. Vegagerðin - ósk um umsögn vegna nýrra brúa yfir Fjarðarhornsa og Skálmardalsá í Reykhólahreppi**

Breiðafjarðarnefnd hefur borist beiðni frá Vegagerðinni um umsögn vegna framkvæmda við nýjar brýr yfir Fjarðarhornsa og Skálmardalsá í Reykhólahreppi.

Drög að umsögn var send nefndarfólki fyrir fundinn.

##### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd ræddi drög að umsögninni á fundinum. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun vinna úr ábendingum nefndarinnar og sendir umsögnina fyrir lok dags 17. febrúar.

#### **7. Fjármál**

Breiðafjarðarnefnd vinnur að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023

##### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd ræddi fjárheimild nefndarinnar fyrir árið 2023 og fjárhagstöðu með tilliti til verkefna.

#### **8. Önnur mál**

Formanni Breiðafjarðarnefndar hefur borist beiðni um ábendingar vegna framtíðarstefnu þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður 14. mars, kl. 10.30 á Teams. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.45.

#### FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR 2023

Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands var haldinn á Hótel Hamri í Borgarbyggð miðvikudaginn 22. mars 2023 kl. 11:15.

Fundinn sátu fulltrúar aðildarsveitarfélaga og kjörmenn auk fulltrúa í Heilbrigðisnefnd Vesturlands. Aðildarsveitarfélög eru Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Hvalfjarðarsveit, Kjósarhreppur, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur.

Kristinn Hallur setti fundinn og bauð fundargesti velkomna og stakk hann upp á Auði Kjartansdóttur sem fundarstjóra og Þorsteini Narfasyni sem fundarritara og var það samþykkt.

#### Dagskrá:

- 1. Skýrsla stjórnar Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2022.**

Formaður Heilbrigðisnefndar Vesturlands flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2022. Rekstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands gekk með ágætum árið 2022. Stjórn hélt sjö fundi á árinu þar af fimm fjarfundum auk aðalfundar og aukaaðalfundar. Fram kom að hjá embættinu voru 3,6 stöðugildi árið 2023 og eftirlitsskyld fyrirtæki 906 en eftirlitsskyldir staðir mun fleiri. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að framfylgja hinum ýmsum lögum, reglugerðum og samþykktum sveitarfélaga þar sem kveðið er á um að tiltekin starfsemi sé háð starfsleyfi eða skráningu og eftirliti heilbrigðiseftirlits. Áherslur í rekstri heilbrigðiseftirlitsins hafa verið að koma á stöðugleika í rekstrinum og auka umsvif eftirlits hægt og sígandi, svo lögbundnum skyldum sé betur framfylgt.
- 2. Ársreikningar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands árið 2022**

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikninga fyrir árið 2022.
- 3. Umræður um skýrslu Heilbrigðisnefndar heilbrigðiseftirlits og ársreikning 2021.**

*Ársreikningur var samþykktur samhljóða.* Ársreikningurinn er aðgengilegur á vef eftirlitsins [www.hev.is](http://www.hev.is).
- 4. Kynning á starfsemi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2022.**

Framkvæmdastjóri kynnti starfsemi heilbrigðiseftirlitsins og helstu lykiltölur fyrir árið 2022. Fyrirspurnir voru um baðlón og náttúrulegar, fyrirkomulag við álímingar á númerslausa bíla, ábending um möguleika á að eftirlitsskýrslur sem tengjast þínum rekstri væru aðgengilegar á „mínum síðum“ Einnig var spurt út í starfsleyfi opinna leiksvæða. Fyrirspurnum var svarað og upplýst að ársskýrsla verður aðgengileg á vef eftirlitsins þegar hún verður gefin út í júní.
- 5. Kosning Heilbrigðisnefndar Vesturlands**

Fulltrúar í Sveitarfélaginu Stykkishólmi og Grundarfjarðarbæ lögðu til að skipt yrði á nefndarmönnum þannig að fulltrúar Sveitarfélagsins Stykkishólms, Steinunn I Magnúsdóttir, aðalmaður og Jakob Björgvin Jakobsson varamaður hennar gengju úr nefndinni og inn kæmu fulltrúar fyrir Grundarfjarðarbæ Sigurhanna Ásta Einarsdóttir aðalmaður og Bjarni Sigurbjörnsson varamaður. Fundarstjóri bara málið fyrir fundinn og var það samþykkt samhljóða.



## Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

6. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri kynni að heilbrigðisnefnd hefur áhuga á að halda staðfund um fráveitumál á Vesturlandi í maí þar sem gæfist kostur á samtali um fráveitur þar sem hreinsun er ekki fullnægjandi. Starfsmönnum sveitarfélaga og sveitarstjórnarmönnum yrði boðið á fundinn auk fulltrúa Umhverfisstofnunar og mögulega öðrum hlutaðeigandi gestum.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 12.30.

22. mars 2023  
Þorsteinn Narfason

# Fundargerð 920. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 17. mars kl. 12:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Helgi Kjartansson, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Walter Fannar Kristjánsson. Í fjarfundarsambandi voru Guðmundur Ari Sigurjónsson, og Jón Björn Hákonarson.

Margrét Ólöf A. Sanders boðaði forföll og varafulltrúi hennar Helgi Kjartansson sat fundinn í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Staða kjaramála - 2301032SA

Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins og Helgi Aðalsteinsson sérfræðingur á kjarasviði gerðu grein fyrir stöðu kjaramála í mars 2023.

Inga Rún Ólafsdóttir og Helgi Aðalsteinsson viku af fundi kl. 12:50.

### 2. Fjölgun NPA samninga á árinu 2023 - 2303011SA

Lagt fram bréf félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 23. febrúar 2023, um fjölgun NPA samninga á árinu 2023. Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, gerði grein fyrir málinu. Í máli hans kom fram að vinna er í gangi og líkur á jákvæðri niðurstöðu á næstu vikum.

*Stjórnin þakkar þær skýringar sem fram komu á fundinum og óskar eftir því að endanlegar tillögur um fjölgun NPA-samninga verði kynntar á fundi stjórnar sem haldinn verður 30. mars n.k.*

Valur R. Halldórsson, Guðjón Bragason og Anna G. Björnsdóttir viku af fundi kl. 13:00.

### 3. Ráðning framkvæmdastjóra sambandsins - 2301047SA

Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir og Ólafía B. Rafnsdóttir, ráðgjafar Attentus, komu inn á fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir verklagi Attentus við ráðningu framkvæmdastjóra þar sem lögð er áhersla á hlutlægar og faglegar aðferðir við mat á umsækjendum.

Fundi var slitið kl. 14:00

# Fundargerð 921. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, fimmtudaginn 30. mars kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Sunna Hlín Jóhannesdóttir, mætti í hans stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. **Orkumannvirki - 2302016SA**

Ása Valdís Árnadóttir formaður Samtaka orkusveitarfélaga og oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps, Jónína Brynjólfssdóttir forseti sveitarstjórnar Múlaþings og Haraldur Þór Jónsson sveitarstjóri Skeiða- og Ghnúpverjahrepps mættu á fundinn undir þessum lið fyrir hönd Samtaka Orkusveitarfélaga, sbr. bókun stjórnar sambandsins 28. febrúar 2023. Gerðu þau grein fyrir verkefni sveitarfélaga sem og fréttatilkynningu sem send var til allra sveitarfélaga á landsbyggðinni um orkumannvirki. Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða.

*Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 er áhersla lögð á mikilvægi sjálfstæðra tekjustofna sveitarfélaga og að þeir verði breikkaðir og styrktir til að stuðla að fjárhagslegri sjálfbærni þeirra. Tekjustofnarnir skulu vera fjölbreyttir og standa undir þeirri þjónustu sem íbúar kalla eftir, hvort sem hún er lögskyld eða lögheimil. Lögð er áhersla á að sveitarfélög fái hlutdeild í auðlindagjaldi og að fasteignaskattar verði greiddir af öllum fasteignum, þ.m.t. öllum mannvirkjum sem tengjast virkjunum og flutningi rafmagns.*

*Ljóst er að málflutningur Samtaka orkusveitarfélaga styður við þessi markmið sambandsins. Mikilvægt er að ríkisvaldið bregðist við þessu ákalli sem allra fyrst og sýni í verki vilja til að auka og breikka tekjur allra sveitarfélaga á sanngjarnan hátt til að tryggja fjárhagslega sjálfbærni þeirra.*

Ása Valdís Árnadóttir, Jónína Brynjólfssdóttir og Haraldur Þór Jónsson fóru af fundi kl. 12:45.

Kristín Sigrún Guðmundsdóttir mannauðsstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar, Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir þróunarfulltrúi leikskóla Hafnarfjarðarbæjar og Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur á kjarasviði sambandsins komu inn á fundinn kl. 12:45.

**2. Breytingar í rekstri leikskóla Hafnarfjarðarbæjar - kynning - 2301050SA**

Kristín Sigrún Guðmundsdóttir og Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir kynntu breytt vinnufyrirkomulag leikskóla sveitarfélagsins. Það fyrirkomulag sem tekið hefur verið upp við skipulag leikskólustarfs hefur vakið fjölmargar spurningar sem snúa ekki síst að því hvort fyrirkomulagið feli í sér umtalsverð frávik frá kjarasamningum sem sambandið hefur gert við starfsstéttir sem starfa á leikskólum. Svöruðu gestirnir greiðlega spurningum stjórnarmanna um þessi atriði.

Kristín Sigrún Guðmundsdóttir og Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir fóru út af fundi kl. 13:55.

Ellisif Tinna Víðisdóttir lögfræðingur á kjarasviði sambandsins og Helgi Aðalsteinsson sérfræðingur á kjarasviði sambandsins komu inn á fundinn kl. 14:00.

**3. Kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA**

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð 35. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 9. mars 2023.

**4. Staða kjaramála - 2301032SA**

Helgi Aðalsteinsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson gerðu grein fyrir stöðu kjaramála í mars 2023.

Bjarni Ómar Haraldsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Helgi Aðalsteinsson fóru af fundi kl. 14:25.

**5. Fundargerðir 919. og 920. funda - 2301014SA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 919. og 920. fundar stjórnar sambandsins frá 28. febrúar og 17. mars 2023, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

**6. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lagðar fram fundargerðir 83. og 84. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 6. og 20. mars 2023.

*Samþykkt var svohljóðandi bókun vegna 2. liðar í fundargerð 83. fundar frá 6. mars sl. og 4. liðar 84. fundargerðar frá 20. mars:*

*Stjórnin fagnar því að félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp um starfsaðstæður við sorphirðu. Stjórnin leggur áherslu á að í vinnu starfshópsins verði lögð áhersla á að lög og reglugerðir verði samræmdar í þeim tilgangi að stuðla að skilvirku og hagkvæmu fyrirkomulagi við söfnun og meðhöndlun úrgangs, ásamt því að vinnuverndarsjónarmið verði í forgrunni. Fyrir liggur að töluvert misræmi er milli ákvæða laga um meðhöndlun úrgangs og skipulags- og byggingarreglugerðar. Því þyrfti að bæta því við sem verkefni nefndarinnar að leggja til breytingar á lögum til þess að samræma hugtakanotkun og skilyrða milli þessara laga- og reglugerðabálka. Er það nauðsynlegt svo unnt sé að bæta aðstæður starfsfólks sem sinnir hirðu úrgangs með raunverulegum hætti.*

*Einnig var samþykkt svohljóðandi bókun vegna 6. liðar í 83. fundargerð:*

Stjórnin lýsir ánægju með greinargerð um meðhöndlun dýraleifa sem unnin var að beiðni Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Stjórnin telur mikilvægt að sú greining og sýn á viðfangsefnið sem þar kemur fram fái vandaða rýni og kynningu af hálfu allra sem málið varðar. Stjórnin telur greininguna undirstrika að hér er um að ræða sérhæfðan úrgang sem almennt ætti ekki að vera á ábyrgð sveitarfélaga. Þótt sveitarfélögin geti átt aðkomu að því að finna viðeigandi lausnir beri þeim því engin skylda til að niðurgreiða meðhöndlunarkostnað.

**7. Jöfnun launa milli markaða - 7. grein - 2009052SA**

Lagt fram áfangasamkomulag, dags. 23. mars 2023, milli fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs og Sambands Íslenskra sveitarfélaga annars vegar og Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands hins vegar á grundvelli 7. gr. samkomulags aðila um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna frá 19. september 2016.

Stjórnin fagnar þessu áfangasamkomulagi um launaleiðréttingar gagnvart tilteknum hópum starfsmanna hins opinbera enda mikilvægt að stíga skref í átt að jöfnun launa milli markaða.

**8. Athugasemdir við minnisblað sambandsins um réttarstöðu sveitarfélaga vegna ágangs búfjár - 2301046SA**

Lagt fram bréf Jóns Guðmanns Péturssonar, Kristínar Magnúsdóttur, Ívars Ingimarssonar og Lilju S. Jónsdóttur, forsvarsmanna umræðuhóps um lausagöngu sauðfjár, dags. 4. mars 2023, þar sem gerð er athugasemd við minnisblað sambandsins um réttarstöðu sveitarfélaga vegna ágangs búfjár, dags. 17. febrúar 2023.

Einnig lögð fram bókun stjórnar sambandsins sem send var til innanríkisráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins, matvælaráðuneytisins og Bændasamtaka Íslands, dags. 6. mars 2023, um samráðshóp um heildarendurskoðun á lögum um fjallskil, afréttarmálefni og tengdri löggjöf.

**9. Fjölgun NPA-samninga - 2303011SA**

Lagt fram að nýju bréf félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 23. febrúar 2023, um fjölgun NPA samninga á árinu 2023 sem tekið var til umræðu á 920. fundi stjórnar sambandsins þann 17. mars sl. Á þeim fundi óskaði stjórn eftir því að endanlegar tillögur um NPA-samninga yrðu kynntar á næsta stjórnarfundi.

Jafnframt lagt fram bréf félags og vinnumarkaðsráðuneytisins til allra sveitarfélaga, dags. 29. mars 2023, þar sem sveitarfélög eru hvött til að senda inn umsóknir um NPA-samninga. Í bréfinu kemur fram að unnið sé að úrlausn ýmissa álitaefta um NPA, sem komið hafa upp á reynslu- og innleiðingartímabilinu og m.a. er fjallað um í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun á lögum nr. 38/2018. Hluti þeirra álitaefta kallar á breytingar á reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð nr. 1250/2018 og verða þær breytingar mótaðar í samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Einnig var lagt fram til upplýsinga svar félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn á Alþingi um framlag ríkisins til NPA-samninga.



Stjórnin hvetur sveitarstjórnir til að bregðast við erindi ráðuneytisins og telur stjórnin sérstaklega mikilvægt að NPA þjónusta verði innleidd í fleiri sveitarfélögum. Stjórnin hvetur jafnframt sveitarstjórnir til að taka þátt í samráði um fyrirhugaðar breytingar á reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð.

**10. Áform um lagabreytingar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga - 2211014SA**

Lögð fram drög að frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, dags. 10. mars 2023, sem er í samráðsgátt stjórnvalda. Einnig lögð fram skýrsla starfshóps um endurskoðun á regluverki um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem er dagsett í mars 2023.

Stjórnin hvetur sveitarfélög til að taka drögin til umræðu í sveitarstjórn og koma sjónarmiðum sínum á framfæri í samráðsgátt.

**11. Umsögn um áhrifamat vegna breytinga á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga - 2211021SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 16. mars 2023, um áhrifamat vegna breytinga á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Einnig lagt fram endanlegt mat á áhrifum lagasetningar, dags. 10. mars 2023.

**12. Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins - 2009042SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 28. mars 2023, um 44. þing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins 21.-23. mars 2023 í Strassbourg.

**13. Bann á örplastefnum í gervigrasvöllum - 2303007SA**

Lagt fram til kynningar erindi frá Knattspyrnusambandi Íslands um bann á örplastefnum í gervigrasvöllum.

Stjórnin felur framkvæmdastjóra að fylgjast vel með málinu og upplýsa stjórnina og sveitarfélög um þróun þess.

**14. Ályktun 77. ársþings KSÍ - 2303028SA**

Lögð fram ályktun sem samþykkt var að 77. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands 25. febrúar 2023 um flóðlýsingu á leikvöllum í efstu deildum.

Stjórn sambandsins gerir verulegar athugasemdir við að ekki hafi verið haft samráð við sveitarfélögin um þetta mál áður en ályktun þess efnis var samþykkt enda ljóst að sveitarfélögin þurfi að bera kostnað vegna þessara breytinga. Stjórnin felur formanni og framkvæmdastjóra að funda með fulltrúum KSÍ til að ræða ályktun sambandsins um flóðlýsingu á leikvöllum í efstu deildum.

**15. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál - 2009616SA**

Lagt fram samkomulag, dags. 28. mars 2023, um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2024-2028 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.

16. **Tilnefning í starfshóp til að greina hvar einstaklingar sem skráðir eru ótilgreint í hús eru búsettir - 2302013SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 8. mars 2023, þar sem Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps, er tilnefnd í starfshóp til að greina hvar einstaklingar sem skráðir eru ótilgreint í hús eru búsettir.
17. **Tilnefning í starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina - 2303026SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 23. mars 2023, þar sem Walter Fannar Kristjánsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Flóahreppi, er tilnefndur sem aðalmaður í starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina, og Álfhildur Leifsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Skagafirði, til vara.
18. **Tilnefning í ráðgjafarnefnd rannsóknarstofnunar í byggða- og sveitarstjórnarmálum við Háskólann á Bifröst - 2303029SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Háskólans á Bifröst ses., dags. 22. mars 2023 þar sem Sunna Hlín Jóhannesdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri, er tilnefnd sem aðalmaður í ráðgjafarnefnd rannsóknarstofnunar í byggða- og sveitarstjórnarmálum við Háskólann á Bifröst, og Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, til vara.
19. **Umsögn um Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál - 2302010SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 27. febrúar 2023, um Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál, mál nr. S-33/2023.
20. **Umsögn um frumvarp til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003 - gjaldtaka o.fl. - 2303006SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 6. mars 2023, um frumvarp til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003, mál nr. S-37/2023.
21. **Umsögn um frumvarp til laga um sóttvarnalög - 2205042SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 27. febrúar 2023, um frumvarp til breytinga á sóttvarnalögum, 529. mál.
22. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna - samþætting þjónustu, snemmtækur stuðningur o.fl. - 2303009SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 8. mars 2023, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna, mál nr. S-44/2023.
23. **Umsögn um frumvarp um breytingu á fjarskiptalögum nr. 70/2022 (ríkisstyrktir fjarskiptainviðir) - 2303008SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 8. mars 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti nr. 70/2022, o.fl. fleiri lögum (ríkisstyrktir

fjarskiptainviðir, EES-reglur, eftirlit með lénaskráningum og þagnaskylda), mál nr. S-43/2023.

**24. Umsögn um frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála - 2303010SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 10. mars 2023, um frumvarp til laga um nýja þjónustustofnun á sviði Menntamála, mál nr. S-38/2023.

**25. Umsögn um frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála - 2303021SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til , dags. 15. mars 2023, um frumvarp til laga stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála o.fl.), 735. mál.

**26. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir - 2303024SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 16. mars 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir, 485. mál.

**27. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um umönnun og geymslu líka - 2303023SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 16. mars 2023, um skipun starfshóps um umönnun og geymslu líka, 85. mál.

**28. Meginatriði umsagnar um tillögu að breytingu á fráveitutilskipun - 2212022SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs og forstöðumanns Evrópuskrifstofu sambandsins, dags. 21. mars 2023, um meginatriði umsagnar um tillögu að breytingu á fráveitutilskipun, sem send var til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins 14. mars 2023.

Framkvæmdastjóri og sviðsstjórar fóru af fundi kl. 15:10.

**29. Ráðning framkvæmdastjóra sambandsins - 2301047SA**

Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir, ráðgjafi Attentus, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir vinnu við ráðningarferli framkvæmdastjóra.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga sendir góðar og hlýjar kveðjur austur á land til sveitarfélaga og íbúa þar, sem hafa ekki farið varhluta af náttúruöflunum og þeirri óvissu sem nú er á Austfjörðum.

Fundi var slitið kl. 15:30.

## Frá Öldungaráði

Öldungaráð kom saman þann 28. mars síðastliðinn, þar sem, meðal annars voru rædd búsetumál eldri borgara bæjarfélagsins. Meðlimir ráðsins hafa heyrt í nokkrum eldri borgurum varðandi hvað komi til með að verða í boði í bæjarfélaginu varðandi húsnæðismál. Oft hefur verið velt upp að byggja upp við Kirkjutúnið, litlar eða stærri íbúðir jafnvel einstaklingsherbergi með tengingu við Jaðar, eða húsnæði samanber Engihlíðar húsin. Staðsetningu þessara húsa og svo framvegis.

Þar sem að öldungaráð er ekki framkvæmdaraðili, en hefur áhuga á velferð þessa hóps leggjum við til eftirfarandi, til að kanna raunverulegann áhuga:

### Tillaga:

Fram fari skoðanakönnun á meðal 60 ára og eldri íbúa Snæfellsbæjar, varðandi hugmyndir fólks um hvers konar búseta fólki hugnast, til dæmis stærð og staðsetning. Í þessari skoðanakönnun komi einnig fram hvort íbúar vilji kaupa eða leigja.

### Rökstuðningur:

Öldungaráð telur að með niðurstöðu svona könnunar væri auðveldara fyrir bæjarstjórnina að mynda stefnu og tímalínu varðandi uppbyggingu húsnæðis fyrir þennan hóp. Létta eldra fólki lífið með því að komast í minna húsnæði og losa um stærra húsnæði, sem myndi þá nýtast stærri fjölskyldum.

## Áskorun frá Öldungaráði

Á fundi Öldungaráðs þann 28. mars s.l. fór fram ítarleg umræða um heilsueflingu eldri borgara. Mikil vakning virðist vera í þjóðfélaginu fyrir bættri heilsu þessa hóps, sem er vel. Ágætis aðstaða er hér í bæjarfélaginu til að standa að svona átaki, en spurning er hvort vanti að kveikja áhuga eða viljann hjá hópnum. Alltof algengt virðist vera að þessi hópur komi sér ekki af stað án átaks. Rædd var nauðsyn þess að fá fólk, sem lokið hefur starfsæfinni til að átta sig á, að það er líf eftir vinnu. Koma sér "upp úr sófanum" og fara að hreyfa sig, út að ganga eða í einhverskonar líkamsrækt. Huga þarf einnig að breyttu matarræði með tilliti til öðruvísi lífennis og fræða um muninn á virkni prótíns og/eða kolvetnis á líkamann.

Í tilefni af undirritun samnings við Landlækni á dögnum skorar Öldungaráðið á bæjarstjórnina að leggja sérstaka áherslu á mál þessa hóps við stýrihópinn, sem skipaður var og styðja vel við framkvæmd. Betri heilsa og meiri hreifigeta hjálpar fólki til betra lífs og að vera lengur sjálfbjarga.

## Framtíðarsýn og hlutverk bókasafns Snæfellsbæjar

Við í menningarnefnd höfum verið að velta fyrir okkur nokkrum hlutum er varðar starfsemi bókasafns Snæfellsbæjar og hvernig við getum gert bókasafnið og hlutverk þess í bæjarfélaginu meira aðlaðandi og í takt við breytta samfélagshætti. Í nútímasamfélagi sem er í stöðugri þróun hefur hlutverk bókasafna breyst á undanförunum árum. Bókasöfn hafa þróast úr því að vera einungis safn bóka yfir í öflug menntunar- og menningarsetur. Þjónusta bókasafna hefur því tekið á sig fjölbreyttari mynd og víðsvegar bjóða þau upp á fjölbreytta flóru af viðburðum og námskeiðum, góða vinnuaðstöðu, og samverustundir af ýmsum toga bæði fyrir börn og fullorðna. Sem dæmi má líta á bókasöfn sambærilegra sveitarfélaga og þá þjónustu sem þar er í boði við góðar undirtektir. Hjá Blönduósbæ hefur bókasafnið staðið fyrir bókakynningum, föndri, lestrarátökum, upplestri, foreldrahittingum, spilakynningum og boðið upp á sumardagskrá fyrir börn sem dæmi. Á safninu er góð vinnuaðstaða, þar sem námsmenn og aðrir geta lært og lesið í notalegu umhverfi. Þar er oft fjölmennt seinnipart daga þar sem foreldrar geta gluggað í lestrarefni og börnin púslað eða skoðað bækur. Í Dalvíkurbyggð er einnig mjög öflug starfsemi og afþreying fjölbreytt og vel nýtt. Þar hafa þau verið að nýta sér samfélagsmiðla til að vekja athygli á því sem um er að vera hverju sinni við góðar undirtektir.

Það sem okkur finnst helst vera ábótavant við bókasafn Snæfellsbæjar er aðgengi og aðstaða. Eins og er, er aðgengi að bókasafninu ekki gott og gerir það að verkum að bókasafnið veitir ekki öllum íbúum jafnan aðgang. Þar er erfitt fyrir hjólastóla og barnavagna að komast að sem dæmi. Aðstaðan mætti vera mun betri, það skiptir miklu máli að gera umhverfið notalegt og aðlaðandi. Umhverfi og aðstaða segja mikið um þau gæði sem opinber þjónusta líkt og bókasafnið hefur uppá að bjóða. Að bjóða uppá almennilega lestrar- og vinnuaðstöðu fyrir gesti er stór þáttur í því að gera bókasafn aðlaðandi. Sérstaklega má skoða mikilvægi þess að gera aðstöðu barnanna spennandi og notalega þannig að bókasafnið geti verið skemmtilegur og fræðandi fjölskyldustaður. Með því er hægt að efla mikilvægi bókasafnsins fyrir læsi barna og veitir foreldrum og forráðamönnum aðstöðu til þess að stuðla að lestri og sköpun hjá börnunum sínum ásamt því að geta sýnt gott fordæmi í afþreyingu. Fjölbreytt úrval bóka sem börn og fullorðnir geta valið úr er einnig mikilvægur þáttur í því að ýta undir áhuga og vilja til að lesa meira. Bæjarbókasöfn eru ekki síður mikilvæg fyrir samfélagið eins og skólabókasöfn. Bókasafnið er því kjörin staður til að kynna börnunum fyrir ævintýrlegum heimi bókanna enn frekar og stækka umgjörð lestrarumhverfis heimilis og leiksskóla í þeim efnum.

Bókasöfn eru dýrmæt fyrir samfélög og litast af umhverfi sínu, þau geta verið kyrrðarstaður sem er fræðandi og skemmtilegur vettvangur fyrir alla íbúa. Við hvetjum flesta til að kynna sér hlutverk og starfsemi bókasafna í nútímasamfélagi og skoða þá góðu vinnu sem sambærileg sveitarfélög eru að vinna t.d. Dalvíkurbyggð og Blönduósbær. Almenningsbókasöfn starfa í þágu allra íbúa og eru dýrmætt fyrir samfélag eins og okkar, að eiga slíkan stað þar sem bæjarbúum auk gesta og gangandi getur fundist þau eiga erindi. Bókasöfn geta svo sannarlega verið sá staður sem er hlutlaus, aðgengilegur og aðlaðandi staður í samfélaginu sem að allir íbúar geta sótt í. Þó að bókasöfn séu fjármagni háð og eru ekki rekin í hagnaðarskyni þá geta þau haft mikil áhrif á heildarmyndina, útlánatölur segja ekki allt. Fjölbreytt starfsemi bókasafnsþjónusta teljum við að geti skilað sér margfalt til baka til samfélagsins. Við viljum hvetja bæjarstjórn til þess að skoða starfsemi bókasafnsins, hlutverk þess og framtíðarsýn. Huga þarf sérstaklega að húsnæði bókasafnsins sem er barn síns tíma og úrbætum sem gera þarf eða því verði fundið því nýtt húsnæði sem uppfyllir þær hugmyndir sem varpað er fram hér að framan. Í okkar huga er gott bókasafn með fjölbreytta menningar og fræðslustarfsemi einn af lykilþáttum þess

Þegar fólk tekur ákvörðun um að flytja til viðkomandi sveitarfélags auk þess að uppfylla ánægju og vellíðan þeirra sem þar búa. Nefndin er tilbúin til þess að hitta bæjarstjórn varðandi þetta mál.

Með vinsemd og virðingu,

-Menningarnefnd Snæfellsbæjar

Snæfellsbær  
Klettsbúð 4  
360 Snæfellsbæ

**Erindi:** Viðhaldsmál tengd Engihlíð 18.

Við viljum minna á bréf sem við sendum bæjaryfirvöldum dagsett 31. janúar 2022, þar sem við óskuðum eftir að samin yrði dagsett viðhaldsáætlun fyrir húseignina. Hún hefur ekki borist okkur en okkur barst svarbréf dagsett 7. mars 2022. Ýmislegt er búið að gera og er rétt að þakka fyrir það, það helsta er:

Endurnýjun á heitavatnskútum. Það eru tveir heitavatnskútar í blokkinni og er annar ónýtur sem þýðir að ekki er heitt vatn seinni parts dags og þá daga sem heitt vatn er mikið notað af íbúum.

Endurnýja þarf mottu fyrir framan innganginn.

Lásar settir á hurðir að þurrkherbergjunum. Þvotti hefur verið stolið af snúrum.

Snjómokstri á bílaplani sé sinnt.

Enn er nokkuð eftir, þar má nefna:

Skipta um teppi á gólfum á stigagangi og hann málaður.

Laga bílaplanið, fyllt í holur og það síðan malbikað.

Skipt verði um hurðir inn í íbúðirnar, þær eru óþéttar og auðvelt að sparka þeim upp.

Komið reglulega og athugað með reykskynjara, slökkvitæki og skipt um ljósaperur í sameign.

Ruslatunnur verði þrífnað.

Grindverk norðan við blokkina verði lagað eða fjarlæggt.

Hvín í lofttúðum og þakplötum/köntum þegar vindar, á vestan verðu þakinu.

Við erum alltaf reiðubúin til að koma á fund til skrafs og ráðagerð ef þess er óskað. Óskum við eftir skriflegu svari við þessu erindi okkar.





Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Snæfellsás 1

360 Snæfellsbær.

Snæfellsbæ, 11. apríl 2023.

Pakkarbréf.

Golfklúbburinn Jökull Ólafsvík, vill koma á framfæri þökkum til Bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, fyrir að samþykkja ósk okkar um að fá húsnæði í eigu bæjarins til afnota á Rifsvelli.

Það er von okkar að með þessari ráðstöfun á húsnæði í eigu bæjarins, verði Rifsvöllur mikil lyftistöng fyrir afþreyingu í okkar bæjarfélagi.

Með vinsemd og virðingu,

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Jökuls.

Rögnvaldur Ólafsson

